

From: Jón Eiríkur Einarsson
Sent: mánudagur, 11. ágúst 2025 12:20
To: Pétur Davíðsson; Óli Rúnar Ástþórsson; Guðný Elíasdóttir; Kristín Jónsdóttir
Cc: Sigrún Guttormsdóttir Þormar
Subject: FS: Bréf til IRN vegna væntanlegra sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Sveinbjörn Eyjólfsson

Sent: þriðjudagur, 29. júlí 2025 14:02

Til: Borgarbyggð sveitarstjóri <sveitarstjori@borgarbyggd.is>; Guðveig Eyglóardóttir <gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is>; Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; Finnsson, Jón Hrói <jhfinnsson@kpmg.is>

Efni: FW: Bréf til IRN vegna væntanlegra sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Sæl öll.

Sýnist ríkiskvörnin hafa malað fljótt og vel.

Kjörstjórnin heldur þá bara sínu striki.

Held samt að það geti verið skynsamlegt að ráða manneskju til að vinna í þessu.

KV/SE

-----Original Message-----

From: Björn Ingi Óskarsson <bjorn.i.oskarsson@irn.is>

Sent: þriðjudagur, 29. júlí 2025 13:44

To: oli.runar.astthorsson@skorradalur.is

Cc: Ástríður Jóhannesdóttir - LKS <astridur.johannesdottir@lks.is>; Sveinbjörn Eyjólfsson <bull@bondi.is>; Eyjólfur Ármannsson <eyjolfur.armannsson@irn.is>; Ingilín Kristmannsdóttir <ingilin.kristmannsdottir@irn.is>; Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn.thorsteinsson@irn.is>; oli.runar.astthorsson@gmail.com; postur@landskjorstjorn.is; Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>

Subject: FS: Bréf til IRN vegna væntanlegra sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

You don't often get email from bjorn.i.oskarsson@irn.is. Learn why this is important
<<https://aka.ms/LearnAboutSenderIdentification>>

Sæll Óli Rúnar,

Það fyrsta sem þarf að hafa í huga varðandi sameiningakosningar sveitarfélaga, er að um slíkar kosningar gilda eingöngu ákvæði 119. gr. og 133. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 en ekki ákvæði kosningalaga eða reglugerða setta á grundvelli þeirra, nema það sé sérstaklega tiltekið fram. Markmið með nýsettri 133. gr. sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar sveitarfélaga, sem reglugerð nr. 922/2023 byggir á, var meðal annars að minnka umfang slíkra kosninga í samanburði við almennar kosningar og gilda því almennt ekki jafn strangar

reglur um íbúakosningar sveitarfélaga og eiga við um almennar kosningar sem fara fram á grundvelli kosningalaga. Þó eru mörg atriði í framkvæmd íbúakosninga mjög sambærileg og eiga við í almennum kosningum, en ýmislegt er þó frábrugðið. Hægt er að nálgast leiðbeiningar um framkvæmd sameiningakosninga og þann mun sem er á framkvæmd sameiningakosninga og almennra kosninga á vef stjórnarráðsins, sjá hér:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/sveitarstjornarmal/verkfaerakista/leidbeiningar-fyrir-ibuakosningar-sveitarfelaga/> <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/sveitarstjornarmal/verkfaerakista/leidbeiningar-fyrir-ibuakosningar-sveitarfelaga/>> . Varðandi þau atriði sem fram koma í erindi þínu:

1. Tilkynning til Þjóðskrá Íslands

Það eru engar formkröfur á tilkynningu sveitarfélags til Þjóðskrár um fyrirhugaðar íbúakosningar í reglugerð nr. 922/2023. Það eru því engar kröfur gerðar á því hvaða aðili innan sveitarfélagsins tilkynnir Þjóðskrá fyrirhugaðar kosningar eða með hvaða hætti slík tilkynning berst Þjóðskrá. Ákvæðinu í reglugerðinni er fyrst og fremst ætlað að tryggja að Þjóðskrá sé upplýst með hæfilegum fyrirvara um mögulegar kosningar svo að stofnunin geti hafið undirbúning um gerð kjörskrár.

2. Starfsfólk sveitarfélaga, gerðarbók og samkomulag sveitarstjórna

- Öll ákvæði reglugerðarinnar eiga við um sameiningarkosningar sveitarfélaga nema annað er tekið fram. Kjörstjórn er heimilt að fela starfsfólki sveitarfélaga þau verkefni sem kjörstjórn telur þörf á við framkvæmd kosninga.
- Ekki er gert ráð fyrir að kjörstjórn haldi sérstaka gerðarbók vegna sameiningarkosninga í reglugerð nr. 922/2023. Kjörstjórn skal hins vegar skila skýrslu sem skal skila til sveitarstjórnar um framkvæmd kosningar og skal þar fjalla um atriði sem talin eru upp í 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.
- Í 2. mgr. 5. gr. er vísað til að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn eftir nánari samkomulagi. Engar formkröfur eru gerðar til slíkra samkomulaga og ekki er gert ráð fyrir því í reglugerðinni að sveitarfélög geri samkomulag um önnur atriði vegna framkvæmdar sameiningarkosninga. Ekkert því þó til fyrirstöðu að sveitarstjórnir geri slík samkomulag um framkvæmd kosninga telji þau tilefni til.

3. Innsigli

Skv. 1. gr. reglugerðarinnar afhendir Landskjörstjórn sveitarfélögum innsigli vegna framkvæmd íbúakosninga/sameiningarkosninga. Það á við um öll innsigli, einnig vegna hurða, og rétt er að hafa samband við Landskjörstjórn vegna þessa.

4. Ákvarðanir sveitarstjórna um framkvæmd kosninga

Ákvörðun um tímabil atkvæðagreiðslu, staðsetningu og fjölda kjörstaða, skiptingu í kjördeildir og opnunartíma kjörstaða er í höndum sveitarstjórna nema sveitarstjórnir fela byggðaráði eða kjörstjórn slíkar ákvarðanir. Eðlilegt er því að fjallað sé um þessi atriði á fundi sveitarstjórnar. Einnig ef sveitarstjórn ákveður að fela byggðaráði eða kjörstjórn að ákvarða þessi atriði.

5. Kjörstjórnir

Reglugerðin gerir ráð fyrir að það sé a.m.k. einn kjörstaður innan sveitarfélags. Í reglugerðinni er ekki fjallað um samræmdan opnunartíma hjá sveitarfélögum og getur hann því verið mismunandi.

6. Póstatkvæðagreiðsla

Skv. 10. gr. reglugerðarinnar skal við sameiningarkosningar skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga veita kjósendum möguleika á að greiða atkvæði sitt með pósti. Sveitarstjórn er eingöngu heimilt að ákveða að bjóða ekki upp á atkvæðagreiðslu með pósti vegna kosninga sem ekki eru talin upp í 1. mgr. 10. gr. Þá fer ekki fram utankjörfundaratkvæðagreiðsla við sameiningarkosninga.

Varðandi þá ókosti póstkosningar sem þú nefnir sem varðar kosningaleynd og öryggi í framkvæmd kosninga, þá er fjallað um slíka ókosti í skýrslu dómsmálaráðherra um póstkosning frá 2023 sem kynnta var fyrir Alþingi sama ár. Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0616.pdf> <<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0616.pdf>>. Í kafla 1.5 er farið yfir slík sjónarmið og er meðal annars rakið í skýrslunni að horfa þurfi til vilja kjóсандans að kjósa með þessari leið, og að því leyti sé áhætta að þessu leyti ásættanleg. Framkvæmd póstatkvæðagreiðslu vegna íbúakosninga sveitarfélaga sem lögð er til í reglugerðinni byggja á þessum sjónarmiðum.

7. Talning

Sameiginleg kjörstjórn eða kjörstjórnir annast talningu og í reglugerðinni er ekki fjallað sérstaklega um það hvort að talning beri að fari fram í sitthvoru sveitarfélaginu eða að talið sé sameiginlega á einum stað. Er það því höndum kjörstjórna að ákveða það.

8. Gerð atkvæðaseðils

Skv. 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga er það sveitarstjórn sem lætur gera atkvæðaseðil vegna sameiningakosninga og skal form atkvæðaseðils staðfest af ráðuneytinu. Í þessu felst þó fyrst og fremst að gerð atkvæðaseðils er á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er í sjálfsveld sett hverjum hún felur að annast tæknileg atriði vegna gerðar atkvæðaseðils og hefur ráðuneytið í gegnum tíðina verið í sambandi við fulltrúa í kjörstjórn, starfsmenn sveitarfélaga eða utanaðkomandi ráðgjafa vegna staðfestingu atkvæðaseðils.

9. Kjörstjórn eða sameiginleg kjörstjórn

Eins og rakið er að ofan gilda ekki sömu reglur um sameiningarkosningar sveitarfélaga og eiga við um almennar kosningar skv. kosningalögum og gerir reglugerð nr. 922/2023 það ekki að skilyrði að kjörstjórnir þurfa að halda gerðarbækur. Þá gilda engar sérstakar reglur um fundi kjörstjórna vegna sameiningarkosninga en þó er rétt að minna á að sú almenna regla gildir skv. upplýsingalögum nr. 140/2012 að stjórnvöldum ber að halda til haga mikilvægum upplýsingum, svo sem með gerð fundargerða. Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga sem fram koma hér að ofan.

Endilega hafðu samband ef frekari spurningar vakna eða ef eitthvað er ójóst.

b.kv. Björn I

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/skjaldarmerki_undirskrift.jpg>

Björn Ingi Óskarsson, lögfræðingur / Legal Advisor Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland Sími / Tel: (+354) 545 8200 <http://www.irn.is/> <<http://www.irn.is/>>
- Fyrirvari/Disclaimer <<https://www.stjornarradid.is/um-vefinn/um-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer/>>

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Óli Rúnar Ástþórsson <oli.runar.astthorsson@skorradalur.is <mailto:oli.runar.astthorsson@skorradalur.is> >
Sent: mánudagur, 28. júlí 2025 13:25
Til: Innviðaráðuneyti <irn@irn.is <mailto:irn@irn.is> >
Afrit: postur@landskjorstjorn.is <mailto:postur@landskjorstjorn.is> ; Ástríður Jóhannesdóttir - LKS
<astridur.johannesdottir@lks.is <mailto:astridur.johannesdottir@lks.is> >; Sveinbjörn Eyjólfsson <bull@bondi.is
<mailto:bull@bondi.is> >; Eyjólfur Ármannsson <eyjolfur.armannsson@althingi.is
<mailto:eyjolfur.armannsson@althingi.is> >; Ingilín Kristmannsdóttir <ingilin.kristmannsdottir@irn.is
<mailto:ingilin.kristmannsdottir@irn.is> >; Aðalsteinn Þorsteinsson <adalsteinn.thorsteinsson@irn.is
<mailto:adalsteinn.thorsteinsson@irn.is> >; Óli Rúnar Ástþórsson <oli.runar.astthorsson@gmail.com
<mailto:oli.runar.astthorsson@gmail.com> >
Efni: Bréf til IRN vegna væntanlegra sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Some people who received this message don't often get email from oli.runar.astthorsson@skorradalur.is
<mailto:oli.runar.astthorsson@skorradalur.is> . Learn why this is important
<<https://aka.ms/LearnAboutSenderIdentification>>

Góðan daginn!

Meðfylgjandi er erindi til Innviðaráðuneytisins þar sem er óskað eftir leiðbeiningum og sjónarmiðum ráðuneytisins
varðandi væntanlegra sameiningarkosningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Landskjörstjórn fær afrit af erindinu,
sjá skýringu aftast í erindinu

Óskað eftir að IRN staðfesti móttöku erindins og sendi til baka skjalanúmer málsins.

Með kveðju,

Óli Rúnar Ástþórsson, kjörstjórnarmaður í sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna og sveitarstjórnarfulltrúi í
sveitarstjórn Skorradalshrepps.

Afrit af erindinu fá:

Landskjörstjórn. postur@landskjorstjorn.is <mailto:%20postur@landskjorstjorn.is>

Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri astridur.johannesdottir@landskjorstjorn.is
<mailto:astridur.johannesdottir@landskjorstjorn.is>

Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður sameiginlegra kjörstjórnar sveitarfélaganna, bull@bondi.is <mailto:bull@bondi.is>

Eyjólfur Ármannsson, Innviðaráðherra eyjolfur.armannsson@althingi.is <mailto:eyjolfur.armannsson@althingi.is>

Ingilín Kristmannsdóttir, ráðuneytisstjóri ingilin.kristmannsdottir@irn.is <mailto:ingilin.kristmannsdottir@irn.is>

Aðalsteinn Þorvaldsson, skrifstofustjóri adalsteinn.thorsteinsson@irn.is <<mailto:adalsteinn.thorsteinsson@irn.is>>